



# MENNTAVÍSINDI

## Félagsfærni og sjálfsefning með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun

Uppbyggilegar aðferðir til að stuðla að góðri aðlögun barna og starfsánægju kennara

Tilgangur námskeiðsins er að efla þekkingu starfandi grunnskólakennara á aðferðum sem stuðla að æskilegri hegðun nemenda. Þeir læri að beita árangursríkum aðferðum sem byggja á trausti og virðingu, styðja við félagsfærni og sjálfsefningu nemenda sinna og stuðla að bættri líðan þeirra. Unnið verður m.a. með: stöðu bekkjarstjórnunar og styrkleika bekkjar, mótun reglna um hegðun nemenda og notkun skýrra fyrirmæla; notkun hvatningar með margbreytilegum hætti; jafnvægi í notkun hvatningar, leiðir til að stöðva erfiða hegðun og praktíska þætti í bekkjarstjórnun; markvissa notkun lausnaleitar og mikilvæga þætti í samstarfi við foreldra.

### MARKHÓPUR

Námskeiðið er aðeins ætlað starfandi bekkjarkennurum í grunnskólum Reykjavíkurborgar, æskilegt er að a.m.k. 3 frá hverjum skóla sæki námskeiðið saman en ekki krafa.

### TÍMI OG VINNULAG

Námskeiðið fer fram í staðbundnum tímum, fjóra hálfra daga á tímabilinu ágúst til nóvember. Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað og er gert ráð fyrir að þátttakendur innan sama skóla, eða milli skóla, vinni sameiginlega að markmiðum sem þeir setja sér. Þátttakendur fá tækifæri til að læra saman og styðja hvern annan í að þróa árangursríka starfshætti með börnum. Grunnhugmyndin er að þátttakendur líti á það sem sameiginlegt verkefni allra í skólasamfélaginu að nota uppbyggilegar aðferðir til að stuðla að góðri aðlögun barna og starfsánægju kennara.

### SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR

**15. ÁGÚST** Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum [skráningarsíðu Starfsþróunar MVSt](#).

**55.000 KR.** Skráningargjald er 55.000 kr.\* Gjaldþagi er 24.

ágúst.

**5 ECTS** Námskeiðið gefur 5 ECTS á framhaldsstigi.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Námskeiðslýsing í kennsluskrá: <https://bit.ly/3g1ub5c>

\* Fólk skráð í HÍ þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið. Nánari upplýsingar um skráningargjöld á [skráningarsíðu](#).